



Atvinnu- og menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar

VARÐAR: Vistaskipti listamanna í Ísafjarðarbæ og vinabæjarins Linköping.

Að beiðni nefndarinnar hefur undirrituð verið í sambandi við Elisabeth Asp verkefnastjóra hjá sveitarfélaginu og Lars-Ove Östensson forstöðumann sýningarsalarins Passagen.

Frumkvæðið að þessu samstarfi kemur frá Linköping, en þar eru nú verið að byggja nýtt menningarhús sem tekið verður í notkun haustið 2018. Rekstrarstjóri Menningarhússins, Márten Hafström, verður ábyrgur fyrir gestavinnustofum fyrir listamenn sem til stendur að reka í menningarhúsinu í samvinnu við sýningarrýmið Passagen.

Linköping býður Ísafjarðarbæ að tilnefna þrjá listamenn og úr þeim hópi verður einum listamanni boðið til þriggja mánaða dvalar í Linköping. Greitt verður fyrir ferðir, efniskostnað, uppihald auk gistingar og vinnuaðstöðu. Gert er ráð fyrir því að listamaðurinn/konan haldi sýningu, kenni námskeið og/eða haldi fyrirlestur/listamannaspjall á meðan á dvölinni stendur.

Á fundi með tengiliðum okkar í Linköping s.l. sumar lagði undirrituð til að Ísafjarðarbær myndi auglýsa tilboðið á vormánuðum (apríl/maí) 2018, faglega yrði staðið að vali á listamönnum og úrslitin yrðu þá kunngjörð sumarið 2018, eða þegar samstarfsfólk okkar í Linköping væri búið að velja einn listamann til að bjóða til sín.

Reiknað er með því að listamaðurinn/konan dvelji í Linköping í þrjá mánuði á tímabilinu febrúar til ágúst 2019.

Á fundi okkar ræddum við einnig þann möguleika að Ísafjarðarbær tæki á móti listamanni/konu frá Linköping. Þegar stræðarhlutföll þessara tveggja sveitarfélaga eru skoðuð þá er augljóst mál að Ísafjarðarbær hefur ekki yfir sömu fjármunum að ráða og 140 þúsund manna sænskt samfélag. En það má hugsanlega sníða sér stakk eftir vexti og bjóða listamanni dvöl í einn mánuð og hafa sama háttinn á við val á honum/henni.

Lágmarkskostnaður gæti litið svona út:

Ferðastyrkur	75.000,-
Uppihaldstyrkur	80.000,-
Efnisstyrkur	25.000,-
ArtsIceland	65.000,- (vinnustofa og gisting m/sameiginlegu eldhúsi)
SAMTALS	245.000,-

Það má reikna með því að um talsvert hærri upphæðir sé að ræða í sænska tilboðinu.

ArtsIceland getur tekið að sér umsýslu með vali á listamönnum sem tryggir faglegt valferli, auk móttöku listamanna og samskipti við samstarfsaðila í Svíþjóð gegn hóflegu gjaldi.

Einnig er rétt að benda á að þegar samstarfi hefur verið komið á opnast möguleika til að sækja um styrki í Norræna sjóði sem veita fjölda styrkja til að auka hreyfanleika og tengsl norrænna listamanna. Verkefnið er mjög spennandi og gefur ýmsa möguleika til framtíðar.

Eins og sjá má er talsverður tími til stefnu en ólíkt okkur Íslendingum eru Svíar vanir mun lengri undirbúningstíma og óska nú stíft eftir staðfestingu á því að Ísafjarðarbær vilji taka þátt í samstarfinu.

Annars vegar viðja þeir vita hvort ferlið við val í listamanni/konu héðan sé samþykkt, og hins vegar staðfestingu á því hvort Ísafjarðarbær vilji taka á móti listamanni/konu frá Linköping.

Eins og áður sagði er undirrituð reiðubúin til að aðstoða við þetta verkefni áfram f.h. ArtsIceland.

Ísafirði 1. nóvember 2017



Elísabet Gunnarsdóttir
Forstöðumaður ArtsIceland

Meðfylgjandi eru eftirtalin gögn:

- Erindi frá PASSAGEN í Linköping
- Fundargerð frá 9/6 2017
- Upplýsingar um gestavinnustofur ArtsIceland á Ísafirði

ArtsIceland
Outvert Art Space/
Gallerí Úthverfa
Aðalstræti 22
400 Ísafjörður
Iceland
www.kolsalt.is
artsiceland@simnet.is
+354 868 1845